

Stofnfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Stofnfundur Ríkisútvarpsins ohf. var haldinn í bókasal Þjóðmenningarhússins þann 5. mars. s.l. Hófst fundurinn með ávarpi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Á fundinum var kosin stjórn og varastjórn auk þess sem stjórnarformaður og endurskoðandi voru kosnir. Þá var lögð fram stofnskrá Ríkisútvarpsins ohf. og samþykktir félagsins.

Í [ræðu](#) sinni fjallaði ráðherra um að Ríkisútvarpið hafi verið allt frá stofnun þess verið ein merkasta menningarstofnun þjóðarinnar. Því væri ljóst að stofnun hlutfélags um Ríkisútvarpið markaði tímamót bæði í íslenski menningarsögu svo og í sögu íslenskra fjölmiðla. Þá sagði ráðherra að Ríkisútvarpið hafi staðið á tímamótum líkt og aðrir ríkisfjölmiðlar í Evrópu um nokkurt skeið.

Miklar breytingar hafi orðið bæði hér á landi og í nágrannalöndunum á ljósvakamarkaði undanfarna tvo áratugi. Útvarpsstarfsemi hefur verið gefin frjáls, stafræn tækni hefur haft viðtæk áhrif á miðlun og framsetningu fjölmiðlaefnis auk þess sem mikil samkeppni er nú á fjölmiðlamarkaði. Í ljósi þessa væru gerðar ríkari kröfur um að endurmeta hlutverk þeirra og afmarka almannajónustuhlutverkið. Eitt helsta markmiðið með stofnun hlutfélagsins væri einmitt að treysta stöðu Ríkisútvarpsins á hljóðvarps- og sjónvarpsmarkaði og styrkja hlutverk þess sem almannajónustustofn. Ríkisútvarpið yrði eftir þessar breytingar hlutfélag eins og ýmis önnur systurfélög þess, t.d. í

Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og mörgum öðrum löndum Evrópu. Ráðherra sagði enn fremur að Ríkisútvarpið gegni veigamiklu hlutverki í íslensku samfélagi. Það væri vettvangur opinna skoðanaskipta þar sem þjóðin gæti fundið samnefnara ólíkra viðhorfa. Ríkisútvarpið væri miðpunktur menningar og upplýsinga sem allir landsmenn, óháð búsetu og efnahag, geta sameinast um. Í ljósi þessa væri afar mikilvægt að standa vörð um og styrkja Ríkisútvarpið sem almannajónustufjölmiðil. Ríkisútvarpið myndi áfram vera öflugur fjölmiðill í almannabágu sem skapaði samkennd meðal þjóðarinnar og treysti sameiginleg gildi meðal ólíkra hópa í þjóðfélaginu.

Að lokinni ræðu ráðherra fór fundarstjóri yfir stofnskrá félagsins. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar útvarpsþjónustu í almannabágu og önnur starfsemi, eins og kveðið er á um í lögum nr. 6/2007. Þá kom jafnframt fram að hlutfélag félagsins væri kr. 839.723.000 og væri hver hlutur ein króna að nafnvirði.

Að lokum var kosið í stjórn félagsins þar sem aðalmenn voru kosnir þau Ómar Benediktsson, Jón Ásgeir Sigurðsson, Kristín Edwald, Svanhildur Kaaber og Páll Magnússon. Í varastjórn voru kosin Kjartan Eggertsson, Árelía Eydis Guðmundsdóttir, Signý Ormarsdóttir, Svanfríður Jónasdóttir og Sigurður Aðils Guðmundsson. Var Ómar Benediktsson kjörinn stjórnarformaður og ríkisendurskoðandi var kosinn endurskoðandi félagsins.



Dansk-íslenskt samstarfsverkefni um stuðning við dönskukennslu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Bertel Haarder, menntamálaráðherra Danmerkur, undirrituðu þann 1. mars sl., [samning](#) milli landanna um sérstakan stuðning við dönskukennslu á Íslandi. Samningurinn nær til fimm ára, frá 1. ágúst 2007 - 31. júlí 2011 og er framhald af tveimur fyrri samningum um stuðning við dönskukennslu á tímabilinu 2001 - 2003 og 2003 - 2007. Fjárveitingar Dana til þessa fimm ára verkefnis nema um 30 milljónum íslenskra króna árlega en fjárframlag Íslendinga 6 milljónum. Sérstök samstarfsnefnd Dana og Íslendinga hefur umsjón með framkvæmd samningsins. Í samningnum er m.a. kveðið á um ráðningu dansks lektors eða annars sendikennara við Kennaraháskóla Íslands, tveggja danskra farkennara fyrir grunnskóla landsins, aðstoðarkennara við framhaldsskóla og sérstök verkefni á sviði endurmenntunar kennara og námsefnisgerðar. Einnig er í

samningnum kveðið á um árlegar styrkveitingar til íslenskra nemenda í dönskunámi á háskólastigi til námsferða til Danmerkur.

Upphaf samningsins má rekja til samstarfsverkefnis landanna um eflingu dönskukennslu og miðlun danskrar menningar á Íslandi frá árinu 1996 sem dönsk stjórnvöld hafa fjármagnað allar gótur síðan. Fjárveitingar Dana til þessa verkefnis hafa árlega numið um 20 milljónum íslenskra króna.

Ráðstefnan Innflytjendur og framhaldsskólinn

Ráðstefnan *Innflytjendur og framhaldsskólinn* verður haldin í Skriðu, Kennaraháskóla Íslands 16. mars 2007 og hefst kl. 13.00. Sjónvarpað verður beint frá ráðstefnunni á vef KHÍ <http://sjonvarp.khi.is>, m.a. til þess að koma til móts við kennara og aðra áhugasama á landsbyggðinni. Dr. Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor við CVU í Kaupmannahöfn verður aðalfyrirlesari á ráðstefnunni og heitir fyrirlestur hennar: Týndu börnin hennar Evu – Æskileg þróun í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í framhaldsskólum. Að lokinni dagskrá í Skriðu býðst ráðstefnugestum að taka þátt í eftirfarandi málstofnum: Menntun kennara, Félagssleg aðlögun, móttaka og tengsl skólastiga, Brottfall og Ný Aðalnámskrá. Þar verður leitað við að svara spurningum sem brenna á mörgum í því fjölbreytta menningarumhverfi sem ríkir á Íslandi í dag og er málstofnunum ætlað að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta. Ráðstefnan er öllum opin. Enginn aðgangseyrir er að ráðstefnunni en mælst

er til að áhugasamir skrái sig á vef Alþjóðahúss www.ahus.is.

Opnun ráðstefnu á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn í tilefni af opnun Alþjóða heimskautaársins

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra flutti [ávarp](#) við opnun ráðstefnu á Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn sem haldin var sameiginlega af stjórnvöldum á Íslandi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi í tilefni af opnun Alþjóða heimskautaársins (IPY) þann 1. mars sl. Í ræðu sinni minntist hún m.a. Vilhjálmss Stefánssonar landkönnuðar og hvað hans rannsóknir hefðu fært okkur miklar upplýsingar um lífið á Norðurheimskautinu. „Mikið af rannsóknum á Íslandi snúast um náttúruöflin og mannlífið á Norðurlöndunum. Af þeim sökum tekur Ísland þátt í mörgum af þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru á heimskautaárinu.“ Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, var fundarstjóri á ráðstefnunni og Friðrik, krónprins Danmerkur, var viðstaddur opnunina en hann er sérstakur verndari Alþjóða heimskautaársins í Danmörku og Grænlandi. Auk íslenska menntamálaráðherrans fluttu ávörp Connie Hedegaard, umhverfisráðherra Danmerkur, Jógvan á Lækjuni, menntamálaráðherra Færeyja og Tommy Marø, sem fer með mennta- og vísindamáli í grænensku landsstjórninni, auk fjölda norrænna vísindamanna.

